

Raunvísindastofnun Háskólans

02 203

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun formanns stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Raunvísindastofnun Háskólans

Kt. 530269-2219

Dunhaga 3, 107 Reykjavík

Skýrsla og áritun formanns stjórnar og framkvæmdastjóra

Raunvísindastofnun Háskólans er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Stofnunin er vettvangur grunnrannsókna á fræðasviðum sínum og starfar í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Raunvísindastofnun Háskólans er hluti af Raunvísinda- og Jarðvísindadeildum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.759,9 milljónir og afkoma kr. 19,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 17,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 847,1 milljónir.

Raunvísindastofnun Háskólans á og rekur eftirtaldar fasteignir en þeirra er ekki getið í ársreikningnum. Stofnunin hefur full umráð yfir þessum fasteignum og greiðir allan kostnað vegna þeirra. Dunhagi 3, Reykjavík, Dunhagi 5, Reykjavík (eignarhlutur 27,4%), Víðimelur 34, Reykjavík (íbúð 01 0201), Helluhraun 1, Reykjahlíð við Mývatn, Segulmælingastöð, Leirvogstungu Mosfellsbæ og Radarstöðin Mórinn, Árborg.

Stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans hefur verulegar áhyggjur af framkvæmd laga um opinber fjármál (LOF). Sú breyting að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni og afskrifa þá síðan yfir líftíma er í sjálfu sér ekki óeðlileg. Hins vegar veldur útfærsla á þessum afskriftum stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans áhyggjum. Stærsti hluti rannsóknatækja og búnaðar í eigu Raunvísindastofnunar Háskólans var keyptur fyrir sértekjur (sjálfsaflafé). Það skýtur því skökku við að færa fjárveitingu frá rekstrarframlagi ársins yfir á fjárfestingaframlag til að mæta afskriftum eigna keypra fyrir LOF. Stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans fer fram á að leitað verði viðunandi lausna.

Það er álit okkar að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu hér að ofan, að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Raunvísindastofnunar Háskólans í samræmi við lög um opinber fjármál.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Raunvísindastofnunar Háskólans fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Sigurður Guðnason
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	572.200.000	455.300.000
Seld þjónusta	3	50.624.944	29.389.174
Framlög og ýmsar tekjur	4	1.045.973.316	1.085.735.449
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	91.078.219	105.711.034
Tekjur samtals		1.759.876.479	1.676.135.657
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.087.475.497	1.081.750.645
Framlög og tilfærslur	6	52.221.294	79.339.564
Annar rekstrarkostnaður	7	510.450.995	453.106.806
Afskriftir	8	91.078.219	105.711.034
Gjöld samtals		1.741.226.005	1.719.908.049
Afkoma fyrir fjármagnsliði		18.650.474	(43.772.392)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	9	2.375.480	1.201.218
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	10	(1.584.340)	(806.960)
		791.140	394.258
Afkoma ársins		19.441.614	(43.378.134)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	66.862.908	31.161.430
Rekstrartilfærslur		(47.421.294)	(74.539.564)
		19.441.614	(43.378.134)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		285.081.584	355.125.424
Farartæki og vélar		50.137.251	53.698.508
Verk í vinnslu		0	9.392.557
		<u>335.218.835</u>	<u>418.216.489</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	227.672	316.777
		<u>227.672</u>	<u>316.777</u>
Fastafjármunir samtals		<u>335.446.507</u>	<u>418.533.266</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	13	64.295.066	53.015.375
Tengdir aðilar	14	117.979.345	177.258.003
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	15	17.652.317	12.163.287
Handbært fé	16	311.760.136	229.294.192
Veltufjármunir samtals		<u>511.686.864</u>	<u>471.730.857</u>
Eignir samtals		<u>847.133.371</u>	<u>890.264.123</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	17		
Hrein eign		17.754.889	(1.686.725)
Eigið fé samtals		<u>17.754.889</u>	<u>(1.686.725)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:	18		
Langtímalán		2.745.943	2.957.385
Skammtímaskuldir:			
Tengdir aðilar	14	202.857.265	274.548.906
Viðskiptaskuldir	19	65.609.539	52.275.846
Ýmsar skammtímaskuldir	20	85.063.752	80.302.151
Næsta árs afborganir	18	273.560	267.932
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	21	472.828.423	481.598.628
		<u>826.632.539</u>	<u>888.993.463</u>
Skuldir samtals		<u>829.378.482</u>	<u>891.950.848</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>847.133.371</u>	<u>890.264.123</u>
Aðrar upplýsingar	22		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		19.441.614	(43.378.134)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	91.078.219	105.711.034
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(91.078.219)	(105.711.034)
Verðbætur og gengismunur		245.956	168.681
		<u>19.687.570</u>	<u>(43.209.453)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(16.768.721)	(6.806.283)
Tengdir aðilar		(12.412.983)	151.148.926
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>18.095.294</u>	<u>(64.688.092)</u>
		(11.086.410)	79.654.551
		<u>8.601.160</u>	<u>36.445.098</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(17.473.122)	(32.277.399)
Breyting varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		9.392.557	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		<u>0</u>	<u>2.499.007</u>
		(8.080.565)	(29.778.392)
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
Breyting á eignarhlut		(89.105)	0
Fjárfestingarframlag		32.900.000	80.000.000
Önnur framlög til fjárfestinga		49.408.014	13.160.531
Afborganir langtímalána		<u>(273.560)</u>	<u>(253.919)</u>
		81.945.349	92.906.612
Hækkun á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		82.465.944	99.573.318
		<u>229.294.192</u>	<u>129.720.874</u>
		<u>311.760.136</u>	<u>229.294.192</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynt annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki, vélar og kafbátur	8-15 ár
Aðrar eignir	Óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremmis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningssskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	572.200.000	535.300.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(80.000.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	572.200.000	455.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	91.078.219	105.711.034
	<u>663.278.219</u>	<u>561.011.034</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	517.400.000	4.800.000	0	522.200.000
Fjáraukalög	50.000.000	0	0	50.000.000
Fjárveiting til tekna	567.400.000	4.800.000	0	572.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ...	(500.537.092)	(52.221.294)	0	(552.758.386)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	66.862.908	(47.421.294)	0	19.441.614

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	50.624.944	28.788.952
Vörusala II	0	600.222
	<u>50.624.944</u>	<u>29.389.174</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	589.621	6.400.198
Kostnaðarhlutdeild	54.263.109	72.822.844
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	560.991.410	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	421.217.624	1.003.572.063
Ýmsar tekjur	8.911.552	2.940.344
	<u>1.045.973.316</u>	<u>1.085.735.449</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	894.366.127	877.165.479
Orlof, breyting	(3.618.153)	8.477.781
Launatengd gjöld	195.761.409	194.533.177
Starfsmannakostnaður	966.114	1.574.208
	<u>1.087.475.497</u>	<u>1.081.750.645</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	133,0	133,0
------------------------------	-------	-------

6 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	168.791	0
Rekstrartilfærslur aðrir	52.052.503	79.339.564
	<u>52.221.294</u>	<u>79.339.564</u>

Skýringar

	2019	2018
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	4.817.190	2.286.356
Byggingarvörur, almennar	6.389	0
Tæki og búnaður til innréttinga	450.413	215.013
Ýmis tæki og áhöld	24.744.359	19.734.460
Varahlutir og viðhaldsvörur	11.508.125	5.815.314
Orkugjafar	10.674.674	11.710.782
Matvæli	9.280.050	7.498.683
Almennar rekstrarvörur	3.332.758	2.488.521
Vörukaup, almenn	64.813.958	49.749.129
Rannsóknarstofuefni	38.899.232	36.061.268
Vörukaup, sérgreind	38.899.232	36.061.268
Fundir, námskeið, risna	20.190.384	23.425.931
Ferðir, uppihald	106.510.041	91.630.753
Akstur	8.987.854	9.428.394
Sérfræðiþjónusta	81.247.755	49.423.795
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	428.536	1.066.422
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.137.046	5.700.007
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.675.141	4.404.691
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	228.176.757	185.079.993
Samningsbundin kaup og leiga	267.008	259.860
Afnotagjöld	12.132.487	11.528.041
Leigugjöld	15.500.108	16.882.284
Notkun véla og flutningatækja	4.103.316	3.958.544
Verkkaup	25.270.153	27.210.969
Kostnaðarhlutdeild	108.604.130	110.054.033
Áhættutap og bætur	100.000	0
Tryggingar, lögboðnar	2.550.741	2.981.049
Opinber gjöld	9.319.366	9.341.636
Tapaðar kröfur	713.739	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	178.561.048	182.216.416
Annar rekstrarkostnaður samtals	510.450.995	453.106.806

Skýringar

	2019	2018	
8 Afskriftir			
Áhöld, tæki og búnaður	87.516.962	97.553.111	
Farartæki og vélar	3.561.257	4.190.845	
Sölutap og úreltar eignir	0	3.967.078	
	<u>91.078.219</u>	<u>105.711.034</u>	
9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður			
Ýmsar fjármunatekjur	2.375.480	1.201.218	
	<u>2.375.480</u>	<u>1.201.218</u>	
10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap			
Fjármagnskostnaður	284.562	77.729	
Gengistap, verðbreytingar	1.299.778	729.231	
	<u>1.584.340</u>	<u>806.960</u>	
	31.12.2019	31.12.2018	
11 Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	285.081.584	355.125.424	
Farartæki og vélar	50.137.251	53.698.508	
	<u>335.218.835</u>	<u>408.823.932</u>	
Verk í vinnslu	0	9.392.557	
	<u>0</u>	<u>9.392.557</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019	963.237.047	83.189.536	1.046.426.583
Viðbætur á árinu	17.473.122	0	17.473.122
	<u>980.710.169</u>	<u>83.189.536</u>	<u>1.063.899.705</u>
Afskriftir 1.1.2019	608.111.623	29.491.028	637.602.651
Afskrift ársins	87.516.962	3.561.257	91.078.219
	<u>695.628.585</u>	<u>33.052.285</u>	<u>728.680.870</u>
Staða 31.12.2019	<u>285.081.584</u>	<u>50.137.251</u>	<u>335.218.835</u>

Skýringar

12 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):</u>			
Internet á Íslandi hf	1,133%	226.637	226.637
SagaMedica - Heilsujurtir ehf	0,060%	1.035	1.035
		<u>227.672</u>	<u>227.672</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

13 Viðskiptakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur	64.295.066	56.301.682
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	(3.286.307)
	<u>64.295.066</u>	<u>53.015.375</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	37.607.035	39.672.985
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	26.688.031	13.342.390
	<u>64.295.066</u>	<u>53.015.375</u>
	31.12.2019	31.12.2018

14 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	85.097.399	64.737.595
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	32.881.946	54.790.185
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	57.730.223
	<u>117.979.345</u>	<u>177.258.003</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	202.857.265	274.548.906
	<u>202.857.265</u>	<u>274.548.906</u>

15 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	13.510.075	9.627.503
Skattar	4.142.242	2.535.784
	<u>17.652.317</u>	<u>12.163.287</u>

16 Handbært fé

Tékkareikningar	311.760.071	229.278.755
Sparisjóðsreikningar	65	15.437
	<u>311.760.136</u>	<u>229.294.192</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 619,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

17 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(1.686.725)	41.691.409
Afkoma ársins	19.441.614	(43.378.134)
Jöfnuður 31.12.	<u>17.754.889</u>	<u>(1.686.725)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 0,0 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum. Að öðru leyti er ráðstöfun eigin fjár háð ákvæðum laga um opinber fjármál.

18 Langtímaskuldir

	vaxtakjör		
Innlend	4,9%	3.019.503	3.225.317
Næsta árs afborganir langtímaskulda		<u>(273.560)</u>	<u>(267.932)</u>
		<u>2.745.943</u>	<u>2.957.385</u>

Framangreind vaxtakjör eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka, í samræmi við vaxtakjör langtímaskulda í árslok 2019.

Afborganir af langtímaskuldum stofnunarinnar dreifast þannig á næstu ár:

Árið 2020	273.560	267.932
Árið 2021	273.560	267.932
Árið 2022	273.560	267.932
Árið 2023	273.560	267.932
Árið 2024	273.560	267.932
Síðar	<u>1.651.704</u>	<u>1.885.659</u>
	<u>3.019.503</u>	<u>3.225.319</u>

Skilmálar langtímalána eru um óskilyrtan rétt til að greiða á lengri tíma en einu ári.

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
19 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	65.609.539	52.275.846
	<u>65.609.539</u>	<u>52.275.846</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	63.957.116	50.240.353
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt	1.652.423	2.035.493
	<u>65.609.539</u>	<u>52.275.846</u>

20 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	67.854.821	71.472.974
Ógreidd laun	8.699.331	0
Önnur ógreidd gjöld	8.509.600	8.829.177
	<u>85.063.752</u>	<u>80.302.151</u>

21 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Auk þess eru fjárfestingar vegna rannsókna fjármagnaðar með sértekjum(sjálfsaflafé). Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	335.218.835	418.216.489
Frestaðar tekjur sem eru skilyrtar til fjárfestinga	7.543.400	7.543.400
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	130.066.188	55.838.739
	<u>472.828.423</u>	<u>481.598.628</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	418.216.489	55.838.739	474.055.228
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	32.900.000	32.900.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	0	0
Önnur framlög til fjárfestinga, ríkisaðilar A-hluta	0	49.408.014	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	17.473.122	(17.473.122)	0
Verk í vinnslu eignfærð	(9.392.557)	9.392.557	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(91.078.219)	0	(91.078.219)
	<u>335.218.835</u>	<u>130.066.188</u>	<u>415.877.009</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 84 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

22 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2026. Árleg greiðsla vegna húsaleigu nemur kr. 8.5 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.